

Veiðifélag Eystri-Rangár
Móeiðarhvoli 2
861 Hvolsvöllur

Akureyri, 10. nóvember 2020
UST202003-229/S.K.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 22.9.2020 hjá Veiðifélag Eystri-Rangár, Eyjarlandi.

Þann 22. september sl. fór fram eftirlit í fiskeldisstöð Veiðifélags Eystri-Rangár, Eyjarlandi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Ein ábending var gerð í eftirlitinu og eitt frávik kom fram er varða:

1. 6. grein laga 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Rekstraraðili starfrækir rekstur í stöðinni án starfsleyfis en hjá Umhverfisstofnun er fyrirliggjandi ófullnægjandi umsókn um starfsleyfi.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 2. desember nk.

Virðingarfyllt

Steinunn Karlsdóttir
Steinunn Karlsdóttir
Sérfræðingur

Hulda S. Jónasdóttir
Hulda Soffía Jónasdóttir
Sérfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

Nafn rekstraraðila: Veidifélag eystri Rangár	Dags. eftirlits: 22.9.2020	Staðsetning stöðvar: Eyjarlandi, Apavatn	Brottfallinn starfsleyfisflokkur: 4
Kennitala rekstraraðila: 530492-2659	Gildistími starfsleyfis: Í vinnslu	Kvittun afhent: Já	Gerð stöðvar: Seiðaeldi, bleikja, sjóbirtingur og lax

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?		X		Framleiðslan er u.þ.b. 11 tonn núna.
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?		X		Sótt hefur verið um starfsleyfi upp á 20 tonn en ekki hefur öllum gögnum vegna umsóknarinnar hefur ekki verið skilað inn og því liggur ekki fyrir fullnægjandi umsókn. Umgengni hefur breyst til batnað í stöðinni og ýmsum atriðum í daglegri starfsemi verið breytt. Járnarúsl, gámur og tómur olíutankur, hefur verið fjarlægð. Til stendur að gera háan vegg/kant við ker á úti svæði svo. Hann á að koma í veg fyrir að sandur/möl sem er í kringum kerin leki frá þeim en um leið verður snyrtilegra á svæðinu.
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).	X			Skráningar og áætlanir voru til staðar í eftirliti.
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?			X	
Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?			X	
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar,	X			Aðgengilegt í eftirliti.

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)				
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			X	
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?			X	
Er neyðaráætlun til staðar?	X			Til staðar.

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?			X	
Stýring á fódurgjöf þannig að úrgangsmýndun sé í lágmarki?	X			Tímastillt fóðrun, klukkufóðrarar.
Er skráning á losun fósfors og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt? Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar?	X			Mælingar síðast framkvæmdar 10.1.2018.
Ástand frárennslis. Eru set eða útfellingar? Olía eða froða? Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitauppgufun frá frárennslis? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennslis?	X			Urrið og bleikja í settjörn til að éta upp fóðarleyfar frá laxinum í eldiskerjunum. Eitthvað set er sjáanlegt í veituskurði að setþró. Enginn fiskur sjáanlegur í veituskurði eða setþró.
Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í	X			Frárennslis frá innikerjum og útikerjum rennur sitt í hvoru lagi nokkra metra og út í sameiginlega settjörn, sem bleikja og urriði eru í

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

frárennsli, síun, settjörn, tromlur, oph. Leið frárennslis frá kerri að viðtaka.				til að éta fóðurleyfar. Við bæði frárennslisrör eru ristar til að hindra að fiskur sem sleppur komist út í settjörn. Rist er við frárennsli tjarnar til að grípa fastefni og varna fiskinum útgöngu. Skurður liggur að nýrri setþró og vatnið rennur þaðan út í djúpan skurð sem rennur í Apavatn. Rör er hátt staðsett svo litlar líkur ættu að vera á að fiskur fari upp í setþróna.
Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór).	X			Lokaviðtaki er Apavatn. Frárennslið rennur úr setþró eftir skurðakerfi í Djúpin og þaðan út í Apavatn.
Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.	X			Mælingar hafa ekki verið gerðar.
Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?	X			Dauðfiskur hefur farið á Strönd. Tunna er undir pappír, en plast undan fóðri hefur farið á gámasvæði. Erfitt hefur reynst að fá kvittanir fyrir förgun dauðfisks.
Er umhverfsvöktun í samræmi við starfsleyfi?			X	
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfsvöktunar.			X	
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.			X	
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar?	X			Engar mælingar áætlaðar.

Niðurstöður síðasta eftirlits:

Engin ný frávik komu fram við eftirlitið, en ein ábending er gerð er varðar uppfærslu áætlana. Brugðist hefur verið við frávikum og ábendingum seinustu eftirlita. Fráviki er varðar skil á grænu bókhaldi fyrir árið 2016 er lokað þar sem rekstraraðili hefur fallið frá umsókn um starfsleyfi fyrir eldi með ársframleiðslu allt að 60 tonnum og hefur sótt um leyfi fyrir 19,9 tonna ársframleiðslu. Skv. reglugerð 851/2002 um grænt bókhald er einungis gerð krafa um að eldi, með fráveitu í ferskvatn, færi grænt bókhald sé umfang starfsleyfis meira en 20 tonna ársframleiðsla.

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

<p>Rekstraraðili starfrækir rekstur í stöðinni án starfsleyfis, en sótti um starfsleyfi dags. 31. janúar 2018. Umhverfisstofnun bendir á að starfsemin er enn án starfsleyfis og því um frávik að ræða. Rekstraraðili á kost á því að sækja um tímabundna undanþágu frá kröfu um starfsleyfi til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins sbr. 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 557/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnir.</p>	
Samantekt:	<p>Eitt frávik komu fram í eftirlit þar sem rekstraraðili starfrækir rekstur í stöðinni án starfsleyfis og ein ábending var gerð vegna kvittana fyrir úrgang.</p> <p>Farið var yfir áætlanir og skráningar. Starfsstöðin var skoðuð, þá sérstaklega settjörn, skurður og setþró. Rætt var um að nausynlegt væri að skila inn gögnum vegna starfsleyfisumsóknar svo að það liggi fyrir fullnægjandi umsókn.</p>
Annað:	<p>Leiðbeiningar um tilkynningar mengunaróhappa voru kynntar í eftirlitinu.</p> <p>Einnig var áhættumat til ákvörðunar tíðni vettvangsheimsókna eftirlits í samræmi við 4. mgr. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit kynnt.</p> <p>Leiðbeiningar um útreikninga á losun í fiskeldi voru sendar starfsleyfishafa í tölvupósti.</p>

Undirskrift eftirlitsmanns: Ólafurinn Kartsdóttir

EFTIRLITSSKÝRSLA



Veiðifélag Eystri - Rangár Eyjarlandi, Bláskógarbyggð

Dags eftirlits	22.9.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Steinunn Karlsdóttir
Fyrirtæki	Veiðifélag Eystri - Rangár	Eftirlitsmaður	
Heimili	Keldum	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5304922659	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Birkir Tómasson	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis	Sigurður Gunnar Ásgeirsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik komu fram í eftirlit þar sem rekstraraðili starfrækir rekstur í stöðinni án starfsleyfis og ein ábending var gerð vegna kvittana fyrir úrgang.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerðar nr 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Vísað er í meðfylgjandi gátlista.

Frávik frá

Lýsing á frávikum

6. grein laga 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir

Rekstraraðili starfrækir rekstur í stöðinni án starfsleyfis en hjá Umhverfisstofnun er fyrirbyggjandi ófullnægjandi umsókn um starfsleyfi.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðila er bent á að fá kvittanir fyrir móttöku spilliefnaumbúða og dauðfisks.

ANNAÐ

Vísað er í meðfylgjandi gátlista.

Guðmundur Ómar Helgason fulltrúi Veiðifélags Eystri Rangár var einnig viðstaddur eftirlitið.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 10.11.2020



Steinunn Karlsdóttir